



# Fréttabréf Greiningardeildar

Janúar 2025

Greiningardeild Landsbankans

# Markaðsdagatal – janúar 2025

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
		1	2	3
6	Verðbólga á evrusvæðinu	7	8	9
13	14	Verðbólga í Bandaríkjunum Verðbólga í Bretlandi	15	16
20	Vísitala íbúðaverðs í des. (HMS)	21	Vísitala leiguverðs í des. (HMS)	22
27	28	29	30	31
			Vísitala neysluverðs í jan. (HAG) Vaxtaákv. hjá Seðlabanka Bandaríkjanna Vaxtaákv. hjá Seðlabanka Evrópu Þjóðhagsreikningar í Bandaríkjunum Þjóðhagsreikningar á evru svæðinu	Skráð atvinnuleysi í des. (VMST) Atvinnuleysi í Bandaríkjunum  Greiðslumiðlun í des. (SÍ)




# Verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,39% á milli mánaða í desember og verðbólga var óbreytt frá nóvembermánuði, 4,8%. Ársverðbólga án húsnæðis hækkaði úr 2,7% í 2,8%. Árshækkun kjarnavísitölu 1 og 2 lækkaði aðeins, en árshækkun kjarnavísitölu 4 stóð í stað.

**Hagsjá: Verðbólga stendur í stað á milli mánaða**


## Vísitala neysluverðs

Breyting milli ára



## Nýjasta mæling, fyrir mánuði og fyrir ári síðan


Breyting milli ára



# Breyting VNV á milli mánaða


Við spáðum örlítið minni hækkun, 0,35% hækkun milli mánaða. Flugfargjöld til útlanda hækkuðu meira en við höfðum spáð og húsgögn og heimilisbúnaður hækkuðu í stað þess að lækka eins og við spáðum. Á móti kemur að húsnæði án reiknaðrar húsaleigu hækkaði nokkuð minna en við spáðum sem skýrist bæði af því að greidd húsaleiga hækkaði minna en við spáðum, en einnig spáðum við hækkun á rafmagnsverði en raunin varð sú að rafmagn lækkaði í verði á milli mánaða. Verð á nýjum bílum lækkaði aðeins, en við spáðum hækkun.

## Framlag undirliða í desember



## Desembermælingar VNV

Breyting milli mánaða ásamt framlagi undirliða




# Samsetning ársverðbólgu


Þótt ársverðbólga hafi lítið breyst, úr 4,77% í 4,75%, breyttist samsetning hennar. Framlag bæði innfluttra vara og innlendra vara hækkaði á milli mánaða, framlag húsnæðis lækkaði og framlag þjónustu var óbreytt. Þá minnkaði framlag reiknaðrar húsaleigu um 0,07% og framlag flugfargjalda til útlanda hækkaði um 0,05%.

## Verðbólga eftir eðli og uppruna

Breyting milli ára ásamt framlagi undirliða



## Breyting á samsetningu ársverðbólgu



1) Innfluttar vörur án bensíns. 2) Almenn þjónusta án flugfargjalda til útlanda. 3) Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu.



# Horfur næstu mánuði

Við gerum nú ráð fyrir að vísitala neysluverðs lækki um 0,24% í janúar, hækki um 0,81% í febrúar og um 0,55% í mars. Gangi spáin eftir verður ársverðbólga 4,7% í janúar, 4,1% í febrúar og 3,9% í mars. Spáin er nokkurn veginn óbreytt frá síðustu spá sem við birtum í verðkönnunarvikunni í desember. Í verðbólguþælingu desembermánaðar var fátta sem breytir verðbólguhorfum næstu mánuði.


## Verðbólguþæling

Breyting milli mánaða



## Verðbólguþæling

Ársverðbólga




# Stýrivextir

Allir fimm nefndarmenn peningastefnunefndar Seðlabankans samþykktu tillögu seðlabankastjóra um að lækka vexti um 0,50 prósentustig á síðasta fundi sem fór fram 18.-19. nóvember. Næsta vaxtaákvörðun verður miðvikudaginn 5. febrúar og munu því líða 12 vikur á milli ákvarðana. Gangi verðbólguþá okkar eftir þykir okkur líklegt að peningastefnunefnd Seðlabankans telji sig geta haldið vaxtalækkunarferlinu áfram.

## Vaxtaákvörðanir peningastefnunefndar


Dags.	Lagt til	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Niðurstaða	Meginvextir
8. feb. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		HS (+0,75%)	+0,50%	6,50%
22. mar. 2023	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			+1,00%	7,50%
24. maí 2023	+1,25%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+1,00%)		+1,25%	8,75%
23. ágú. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+0,25%)		+0,50%	9,25%
4. okt. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP	HS(+0,25%)	ÁÓP (+0,25%)	óbr.	9,25%
22. nóv. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			óbr.	9,25%
7. feb. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
20. mar. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
8. maí 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		óbr.	9,25%
21. ágú. 2024	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			óbr.	9,25%
2. okt. 2024	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS		HS(óbr.)	-0,25%	9,00%
20. nóv. 2024	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			-0,50%	8,50%
5. feb. 2025						
19. mar. 2025						
21. maí 2025						
20. ágú. 2025						
8. okt. 2025						
19. nóv. 2025						

## Meginvextir Seðlabanka Íslands



# Vísitala íbúðaverðs


Vísitala íbúðaverðs hækkaði um 0,8% milli mánaða í nóvember. Þetta kemur í kjölfar einungis 0,2% hækkunar í október og 0,3% lækkunar í september. Eftir tvo rólega mánuði berast nú merki um að enn sé talsvert líf á fasteignamarkaði. Árshækkun íbúðaverðs mælist nú 10,6% og hækkaði úr 8,7% í október. Áfram eru íbúðaverðshækkanir á ársgrundvelli þó nokkuð umfram hækkanir á almennu verðlagi. Þrátt fyrir þessa hækkun erum við enn þeirrar skoðunar að þrengri lánþegaskilyrði og hækkunir á verðtryggðum vöxtum muni draga úr krafti íbúðaverðshækkana næstu mánuði.






# Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hækkað í desember. Í lok mánaðarins var álagið 4,1% til tveggja ára (+0,5% í mánuðinum), 4,0% til fimm ára (+0,3% í mánuðinum) og 3,8% til tíu ára (+0,2% í mánuðinum). Álagið til fimm ára eftir fimm ár var óbreytt í 3,5%.




# Raunstýrivextir

Raunstýrivextir lækkuðu aðeins milli mánaða í desember. Miðað við liðna verðbólgu voru raunstýrivextir 3,7%, en miðað til verðbólguvæntingar voru þeir að meðaltali 4,8%.




# Velta skv. VSK-skýrslum

Velta skv. VSK-skýrslum jókst um 3,3% á milli ára í sept.-okt. á föstu verðlagi. Í útflutningshagkerfinu jókst velta í ferðapjónustu og framleiðslu málma, en dróst saman í sjávarútvegi. Í innlenda hagkerfinu jókst veltan í nær öllum stærstu geirum að bílaiðnaði undanskildum. Mesta aukning er í fasteignaviðskiptum. Velta í tækni- og hugverkaiðnaði eykst áfram þó nokkuð.



# Atvinnuleysi


Skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun var 3,7% í nóvember og jókst úr 3,4% frá því í október, en atvinnuleysi hækkar almennt á milli mánaða í nóvember. Atvinnuleysi var 0,3 prósentum meira en í nóvember í fyrra sem er svipaður munur og verið hefur síðustu mánuði.



# Greiðslukortavelta íslenskra heimila


Alls nam greiðslukortavelta íslenskra heimila 112,7 mö.kr. í nóvember og jókst um 4,9% á milli ára, að teknu tilliti til verðlags og gengis. Innanlands jókst kortavelta íslenskra heimila um 0,7% að raunvirði og erlendis um 17,4%, á föstu gengi, sé miðað við nóvembermánuð í fyrra.

## Hagsjá: Kröftug kortavelta í aðdraganda jóla



# Hrein ný íbúðalán


Hrein ný íbúðalán innlánastofnana voru 10 ma.kr. í nóvember. Þar af voru hrein ný verðtryggð lán 19 ma.kr. en hrein uppgreiðsla á óverðtryggðum lánum 9 ma.kr. Á fyrstu ellefu mánuðum ársins voru hrein ný verðtryggð lán innlánastofnana 250 ma.kr. en hrein uppgreiðsla á óverðtryggðum lánum 130 ma.kr.



# Viðskiptajöfnuður við útlönd

Á þriðja ársfjórðungi mældist 46 ma.kr. afgangur af viðskiptum við útlönd. Þetta kemur í kjölfar 34 ma.kr. halla á fyrsta ársfjórðungi og 38 ma.kr. halla á öðrum. Þriðji ársfjórðungur er sá fjórðungur sem kemur jafnan best út, enda háannatími ferðapjónustu. Á fyrstu níu mánuðum ársins er hallinn 26 ma.kr., sem er verulegur viðsnúningur frá því í fyrra þegar 63 ma.kr. afgangur mældist á sama tímabili.

## Hagsjá: Afgangur á 3. ársfjórðungi, en að öllum líkindum halli á árinu




# Staðan í ferðaþjónustu

162 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurflugvöll í nóvember, sem er 9,3% aukning á milli ára. Á fyrstu ellefu mánuðum ársins voru brottfarir 2.120 þúsund, sem eru 1,9% fleiri en á sama tíma í fyrra. Í nóvember jókst erlend kortavelta innanlands um 8,4% á milli ára á föstu verðlagi og 14,3% á föstu gengi.

**Hagsjá: Aldrei fleiri ferðamenn í nóvembermánuði**


## Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns



## Þróun helstu mælikvarða

Breyting milli ára eftir mánuðum




Kortavelta á föstu verðlagi raunvirt með VNV án húsnæðis, fast gengi raunvirt með GVT.

Heimild: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands



# Gengi krónunnar

Krónan styrktist á móti evru en veiktist á móti Bandaríkjadal í desember. Í lok mánaðarins stóð evran í 143,9 (-1,2% innan mánaðar) og Bandaríkjadalur í 138,2 (+0,2% innan mánaðar). Krónan hefur ekki verið sterkari á móti evru síðan í september 2023. Á nýliðnu ári styrktist krónan nokkuð á móti evrunni, en evran kostaði 150,5 í upphafi ársins. Krónan veiktist lítillega á móti Bandaríkjadal á árinu, en Bandaríkjadalur kostaði 136,2 í upphafi árs.



# Gjaldeyrisinngrip Seðlabanka Íslands

Seðlabankinn greip síðast inn í á gjaldeyrismarkaði í febrúar í fyrra þegar bankinn keypti evrur fyrir 9,2 ma.kr. til að mæta innflæði erlendra fjárfesta vegna kaupa þeirra á íslenskum ríkisskuldabréfum. Seðlabankinn hefur ekki gripið inn í á síðustu mánuðum þrátt fyrir þó nokkra styrkingu frá því í byrjun september.




# Gjaldeyrisviðskipti lífeyrissjóðanna

Lífeyrissjóðirnir keyptu erlendan gjaldeyri fyrir 78 ma.kr. (nettó) á fyrstu ellefu mánuðum síðasta árs. Kaupin voru örlítið meiri en á sama tímabili árið áður þegar þeir keyptu gjaldeyri fyrir 76 ma.kr. Á sama tímabili árið 2022 keyptu lífeyrissjóðirnir gjaldeyri fyrir 92 ma.kr (nettó).


## Gjaldeyrisviðskipti lífeyrissjóðanna

Ma.kr.



## Uppsöfnuð kaup innan árs

Ma.kr.



# Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands ([www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit](http://www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit)).